

# FSA er háskólasjúkrahús

STJÓRN Læknafélags Íslands hélt til Akureyrar og efndi þar til fundar föstudaginn 26. mars. Margt bar á góma, svo sem kostnaðarvitund lækna, innflutning sjúklinga og útflutning heilbrigðisþjónustu, að ógleymdu öryggi sjúklinga sem nánar er fjallað um í tengslum við formannafund LÍ. Síðast en ekki síst hlýddu stjórnarmenn á heimamanninn **Þorvald Ingv- arsson** lækningaforstjóra rökstyðja af hverju Fjórð- ungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA) beri nafnbótina háskólasjúkrahús með réttu.

Þorvaldur greindi frá því að FSA færi nú fram stefnumótun sem þegar hefði skilað þeim árangri að skilgreiningu á starfsemi sjúkrahússins hefði verið breytt. Samkvæmt þeirri gömlu er FSA sérgreina- sjúkrahús fyrir Norður- og Austurland og aðalvara- sjúkrahús. Nýja skilgreiningin er sú að FSA sé há- skólasjúkrahús sem veitir almenna og sérhæfða heil- brigðisþjónustu, þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í að stunda auknar rannsóknir og kennslu, auk þátttöku og þróunar á sviði heilbrigðisþjónustu. Einnig er FSA aðalvarasjúkrahús landsins með tilliti til almannavarna og miðstöð sjúkraflugs.

## Sjúkraflug og sérgreinar

Þorvaldur sagði að sérstaða FSA væri margvísleg. Það væri eina sérgreinasjúkrahúsið utan höfuðborgarsvæð- isins, þar væri eina gjörgæslan, eina geðdeildin, eina myndgreiningardeildin og eina kennslusjúkrahúsið á landsbyggðinni. Miðstöð sjúkraflugs fyrir landsbyggð- ina er á Akureyri en þar var henni valinn staður vegna þess að þaðan er álfka langt flug í alla landshluta. Síðast en ekki síst væru flestöll ferliverk sem unnin eru á Akureyri gerð inni á sjúkrahúsinu en ekki á stofum úti í bæ og það styrkti kennsluhlutverk spítalans.

Kennsla hefur um alllangt skeið verið snar þáttur í starfsemi FSA. Þar er kennt nemum í hjúkrunar- fræði og iðjupjálfun við heilbrigðiseild Háskólans á Akureyri en einnig koma þangað í almennt starfs- nám læknanemar á öðru og þriðja ári og nemar á fjórða og sjötta ári sækja þangað þjálfun í svæfingar- lækningum. Við þetta má bæta að sjúkraflutninga- skólinn hefur aðsetur á Akureyri þótt kennsla í hon- um fari fram víða um land.

Enn má geta þess að spítalinn hefur lagt verulega áherslu á kennslu- og fræðslufundi sem sendir eru út um allt land með aðstoð fjarfundabúnaðar. Þar kemur fyrir að allt að 300 manns fylgist með fræðslunni á 20 stöðum. Þessi starfsemi hefur svo ýtt undir rafræna þróun á FSA en þar er verið að gera ýmsar tilraunir með rafrænar sendingar á myndgreiningum, lyfseðl- um, tilvísunum og læknaþrefum eins og frá var greitt í janúarhefti Læknablaðsins.



## Fimm rannsóknastöður

Rannsóknir eru undirstaða framfara í læknávisindum og stjórnendur FSA vilja ýta undir þær með því að gera samninga við háskólastofnanir. Sett hefur verið á fót heilbrigðisvísindastofnun sem er sameiginlegt verkefni FSA og Háskólans á Akureyri og hafa verið auglýstar lausar þrjár stöður við þá stofnun. Framlag FSA er 20% starfshlutfall við rannsóknir. Sjúkrahús- ið hefur einnig gert samning við Háskóla Íslands um samstarf og í krafti hans hafa verið auglýstar tvær stöður sem veittar verða frá og með næsta hausti. – Ég lít svo á að ef heilbrigðisþjónusta á að vera til staðar á landsbyggðinni til framtíðar þá verður há- skólastarfsemi að samtvinnast henni meira en orðið er. Heilbrigðiskerfið á landsbyggðinni þarf að taka þátt og vera órjúfanlegur hluti af kennslu, rannsókn- um og þróun í framtíðinni, sagði Þorvaldur.

Hann bætti því við að þeir sem hljóta þessar nýju stöður geti sótt um akademískt hæfi og fengið stöðu- heitin prófessor, dósent eða lektor eftir því hvernig þeir eru metnir. Hann sái því ekki annað en að kennsluhlutverk spítalans væri gulltryggt til frambúð- ar og að spítalinn bæri nafnbótina háskólasjúkrahús með réttu.

## Starfsemi FSA

600 starfsmenn, þar af um 50 lækna- og 140 hjúkrunarfræðingar  
Tæplega 200 sjúkralitum og 3-4 skurðstofur  
44.000 legudagar á ári,  
5.200 innliggjandi sjúklingar  
3500 aðgerðir, 10.000 komur á bráðadeild (fjórðungur af komum á bráðadeild Landspítala) og annað eins á göngudeildir

*Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur vaxið ört á síðustu árum.*

**Próstur  
Haraldsson**